

142
9. okt.

REGLUGERÐ

um 5. flokk veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 5. flokkur. Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til þessa flokks bankavaxtabréfa.

Fjárhæðir bréfanna skulu vera 10 000.00, 5000.00, 1000.00 og 100.00 krónur og skal hver deild hafa sérstakt bókstafseinkenni, en hvert bréf tölusett. Bankavaxtabréfunum skulu fylgja 20 vaxtamiðar.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til greiðslu á lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á árunum 1956—1960, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarflokksins.
3. Ábyrgð rikissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

3. gr.

Vextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 7½% — sjö og hálfur af hundraði — á ári, er greiðast eftir á fyrir eitt ár í senn hinn 2. janúar ár hvert.

4. gr.

Afborgun og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar. Gjaldalagi innlestra bréfa og vaxtamiða er 2. janúar ár hvert.

5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo, að hún, ásamt áhvílandi skuldum á fyrri veðréttum, fari ekki fram úr 70% af matsverði veðsins.

Lánstíminn skal vera allt að 20 árum.

Ársvextirnir skulu vera 8%, þar í innifalið ½% kostnaðartillag til varasjóðs.

Lánin eru greidd í bankavaxtabréfum, sbr. 1. gr.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 115 frá 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, III. kafli 13. til 30. gr. og fyrirmæli um veðdeild bankans frá 30. apríl 1930, að því er snertir lánaflokk þennan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, og bráðabirgðalögum nr. 77 frá 15. júlí 1961, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. október 1961.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.